



# Dalapósturinn

2. tölublað, 7. árgangur

24. febrúar 2014

## Bæjarhátíð í Búðardal

Á síðasta fundi menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar var ákveðið að bæjarhátíð í Búðardal yrði **11.-13. júlí**. Seinka þurfti hátíðinni til að Vestfjarðavíkingurinn gæti orðið hluti af dagskránni.

Dagskrá bæjarhátíðar 2014 verður í samræmi við áhuga íbúa og þeirra þátttöku. Allar hugmyndir eru vel þegnar. Á síðustu bæjarhátíð var m.a. á dagskrá listasmiðja fyrir börn, blindrabolti, kjötsúpa, kvöldvökur, Vestfjarðavíkingurinn, markaður, lambakjötskynning, fornbíla- og dráttarvélasýning, ljósmyndasýning, tónlistaratriði, nytjamarkaður, kassabílarallý og dansleikur.

Bæjarhátíð sem þessi byggist á að félagasamtök, fyrirtæki eða einstaklingar taki einstök verkefni í fóstur og fylgi þeim eftir. Ekki eru aðrar greiðslur í boði fyrir þátttöku en bros frá gestum og eigin gleði.

Þeir sem hafa áhuga á að koma að dagskrá hátíðarinnar eða leggja fram krafta sína á annan hátt skulu sem fyrst hafa samband við Jón Egil Jóhannsson formann nefndarinnar (netfang: [bjargeys@simnet.is](mailto:bjargeys@simnet.is)).

## Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Dalabyggð

Dalabyggð býður upp á þrenns konar stuðning í húsnæðismálum með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins; félagslegt húsnæði, almennar húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur.

Á fundi sveitarstjórnar 18. febrúar voru samþykktar reglur um sérstakar húsaleigubætur í Dalabyggð. Þær er m.a. að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi:

- Umsækjandi hefur ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hefur sótt um þær.
- Umsækjandi á lögheimili í Dalabyggð þegar sótt er um og hefur átt lögheimili þar a.m.k. síðustu 18 mánuði samfleytt áður en umsókn berst.
- Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika.
- Umsækjandi uppfylli ákveðin skilyrði um tekju- og eignamörk:

Húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 65.000 og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 35.000 í kostnað af húsaleigu.

Sérstakar húsaleigubætur eru ákvarðaðar til 4ra mánaða í senn. Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur skulu berast fyrir 15. janúar, 15. maí og 15. september ár hvert og endurnýjaðar á 4 mánaða fresti.

## Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 18. febrúar 2014 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2006-2018 og tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar ásamt umhverfisskýrslu. Breytingin tekur til urðunarsvæðis í landi Höskuldsstaða og til breytingar á Vestfjarðavegi, nr. 60, í Miðdölum, ásamt tengingu Fellsendavegar og Hlíðarvegar.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga, ásamt umhverfisskýrslu, að deiliskipulagi sorpurðunarsvæðis í landi Höskuldsstaða.

Tillögurnar liggja frammi, frá 27. febrúar til 11. apríl á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal, heimasíðu sveitarfélagsins dalir.is, auk þess sem tillaga að aðalskipulagsbreytingu liggur frammi á skrifstofu Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166 í Reykjavík.

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11 í Búðardal eða netfangið bogi@dalir.is fyrir 11. apríl 2014. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir lokafrest, telst samþykkur þeim.

## Íþrótt- og tómstundafulltrúi

Dalabyggð, í samvinnu við Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) auglýsir starf íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að stýra metnaðarfullu og lifandi starfi. Starfshlutfall er 50% og skiptist þannig að starf íþrótt- og tómstundafulltrúa Dalabyggðar er 30% og framkvæmdastjórn UDN 20%.

### Helstu verkefni

- Að samþætta og efla íþrótt- og tómstundastarf í Dalabyggð og stuðla að samfellu í skóla, íþrótt- og félagsstarfi barna í sveitarfélaginu.
- Framkvæmdastjórn UDN.
- Yfirumsjón með vinnuskóla, félagsmiðstöð og íþróttamannvirkjum.
- Aðstoð við ungmennaráð Dalabyggðar.
- Skipulag og verkefnastjórn í ýmsum málum sem til falla, t.d. forvarnamál, átaksverkefni og hátíðir.

### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á íþrótt- og æskulýðsmálum.
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun og fjárhagslegri ábyrgð.
- Framsýni og metnaður í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.

Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn komi til með að búa í Dalabyggð og hann þarf að hafa hreint sakavottorð. Starfsstöð verður á skrifstofu Dalabyggðar.

### Umsóknarfrestur

Umsókn skal skila til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Umsóknarfrestur er til og með **7. mars** nk. og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

## Breytingar á sorphirðu í Dalabyggð

### Almenn sorphirða

Sveitarstjórn hefur ákveðið, að höfðu samráði við Gámaþjónustu Vesturlands ehf. að almenn sorphirða frá heimilum verði á 14 daga fresti frá mánaðarmótunum mars/apríl. Þannig verður sorphirt mánudaginn 24. mars en næst þriðjudaginn 1. apríl og annan hvern þriðjudag þaðan í frá.

### Flokkunarkrá

Samhliða þessu verða gerðar breytingar á flokkunarstöðinni við Vesturbraut (gámavellinum) þannig að íbúar geta komið með flokkað sorph á öllum tímum sólarhrings og losað í svokallaða flokkunarkrá.

Í flokkunarkrá er hægt að láta frá sér eftirfarandi sorphlokka:

- Bylgjupappi og sléttur pappi.
- Málmar / niðursuðudósir.
- Plastfilma og pokar.
- Rafhlöður.
- Fernur.
- Plastbrúsar og aðrar plastumbúðir.
- Dagblöð, tímarit og annar pappír.
- Kertavax

Flokkunarkráin verður aðgengileg allan sólarhringinn, en annað endurvinnsluefni og úrgang s.s. stærri hluti, spilliefni, frauðplast, timbur, járn og gler þarf eftir sem áður að láta frá sér á opnunartíma flokkunarstöðvarinnar (gámavallar).

### Opnunartímar endurvinnslustöðvarinnar

Frá 1. apríl verður flokkunarstöðin opin tvo daga í viku, þriðjudaga 15 – 18 og laugardaga 11 – 14.

### Aukatunna

Með því að flokka sorph í helstu sorphlokka sbr. hér að ofan á ein sorptunna að nægja hverju heimili. Ef sú verður ekki raunin er mögulegt að panta aukatunnu. Gjald fyrir losun aukatunnu er kr. 14.980 pr. ár skv. gjaldskrá Dalabyggðar fyrir árið 2014.

### Timbur- og járn gámar

Eins og á fyrra ári verður farið með gáma fyrir timbur og járn um sveitarfélagið. Gert er ráð fyrir að þetta verði í júnímánuði og gámar verði í u.þ.b. eina viku á hverjum stað.

### Sorphirðudagatal

Frá 1. apríl verður sorphirða annan hvorn þriðjudag. Sorphirðudagatal er að finna á heimasíðu Dalabyggðar og í atburðadagatalinu.

Sorphirðudagar í Búðardal eru 3., 13. og 24. mars, 1., 15. og 29. apríl, 13. og 27. maí, 10. og 24. júní, 8. og 22. júlí, 5. og 19. ágúst, 2., 16. og 30. september, 14. og 28. október, 11. og 25. nóvember og 9. og 23. desember

### Rúlluplast á lögbýlum

Söfnun á rúlluplasti verður 26.-27. mars, 25.-26. júní og 19.-20. nóvember.

Óheimilt er að setja rúlluplast og net í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins.

Opin brennsla úrgangs er óheimil þ.m.t. rúlluplasts skv. lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003.

## Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Athygli er vakin á skilaskyldu á skjölum sveitarfélaga og sóknarnefnda til Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Sama gildir um embætti, stofnanir og fyrirtæki á vegum þessara aðila.

Þeir sem hafa í fórum sínum skjöl tengd hrepps- eða sóknarnefndum eru beðnir um að skila þeim hið fyrsta til héraðsskjalasafns, núverandi sóknarnefnda eða skrifstofu Dalabyggðar.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur einnig á móti skjölum og gögnum frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á starfsvæðinu. Þannig eru varðveitt á héraðsskjalasafninu skjöl ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga, búnaðarfélaga, kaupfélaga og fleiri. Mörg skjalasöfn félagasamtaka eru varðveitt við misjafnar aðstæður og oft á tíðum í heimahúsum stjórnarmanna, núverandi og fyrrverandi. Þeir sem hafa í fórum sínum skjöl félagasamtaka er bent á að koma þeim í vörslu héraðsskjalasafnsins eða núverandi stjórnar félagsins.

Með skjölum er átt við fundagerðabækur, sendibréf, tölvupóst, ljósmyndir, félagaskrár, mótaskrár, ársskýrslur, reikningar, kynningarefni og annað markvert tengt sögu viðkomandi.

Héraðsskjalasöfn veita almenningi aðgang að skjölum nema á þeim hvíli leynd samkvæmt lögum eða sérstökum ákvæðum þar að lútandi.

Verið er að vinna í því að gera aðfangaskrár safnsins aðgengilegar á heimasíðu Dalabyggðar. M.a. er þar að finna upplýsingar um skjöl ungmenna- og íþróttafélaga. Engir fastir opnunartímar eru á Héraðsskjalasafni Dalasýslu, heldur er það opið eftir samkomulagi við héraðsskjalavörð. Netfangið er safnamal@dalir.is og síminn 430 4700.

## Opnunartímar

Sælingsdalslaug - frítt í sund í mars

Samkvæmt gjaldskrá er gjaldfrítt í Sælingsdalslaug í marsmánuði og íbúar hvattir til að notfæra sér það. Opnunartímar Sælingsdalslaugar 1. mars - 10. apríl eru á þriðjudögum kl. 17-20, miðvikudögum kl. 18-22 og fimmtudögum kl. 17-19. Opið er fyrir eldri borgara á þriðjudögum kl. 15:30-17.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Bókasafnið hefur fengið nýtt símanúmer **430 4720**. Opið er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Endurvinnslan

Í mars er endurvinnslustöðin í Búðardal opin á þriðjudögum kl. 15-18, fimmtudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14. Frá 1. apríl verður flokkunarstöðin opin tvo daga í viku, þriðjudaga 15-18 og laugardaga 11-14.

Atvinnuráðgjafi SSV

Ólafur Sveinsson atvinnuráðgjafi SSV verður með viðveru í Búðardal 4. mars, 1. apríl og 6. maí. Auk þess má alltaf panta heimsókn frá atvinnuráðgjafa utan auglýsts viðverutíma. Síminn er 433 2310.

Félagsþjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Beinn sími í fastri viðveru er 430 4708 eða 898 9222.

Skrifstofa félagsmálastjóra Borgarbyggðar er á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Síminn er 433 7100 og fax 433 7101.

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---